

VLR-008	Verklagsreglur um fulltrúa stúdenta í Gæðaráði, Jafnréttisráði og Umhverfísráði Háskólans á Akureyri	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 1		

1. gr.

Hlutverk

Verklagsreglur þessar eru settar í þeim tilgangi að tryggja jafnrétti og að ákvarðanir verði bæði markvissar og gagnsæjar.

Verklagsreglur þessar gilda um fulltrúa stúdenta í Gæðaráði, Jafnréttisráði og Umhverfísráði Háskólans á Akureyri (Hér eftir "ráðum").

2. gr.

Skipan fulltrúa í ráð HA

Fulltrúar stúdenta í ráðum Háskólans á Akureyri eru skipaðir á aðalfundi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri á ári hverju. Í hverju ráði skulu sitja tveir aðalfulltrúar og tveir varafulltrúar. Einn aðalfulltrúi er skipaður á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig ekki þarf að skipa tvo aðalfulltrúa ár hvert. Þegar nýr aðalfulltrúi tekur við öðrum er því annar til staðar til að upplýsa og uppfæra hinn nýja fulltrúa um málefni og verkefni sem í vinnslu eru, ásamt því að vera staðgengill nýs fulltrúa á fundum stúdentaráðs. Nýkjörinn aðalfulltrúi skal hafa sæti í Stúdentaráði SHA skv. 6.gr. samþykktu félagsins, en ekki taka sæti sitt í ráði Háskólans á Akureyri fyrr en í byrjun nýs skólaárs. Fulltrúar í ráðum sitja jafnframt í þeim út skólaárið. Varafulltrúar eru skipaðir til eins árs og eru staðgenglar aðalfulltrúa á fundum ráðanna.

VLR-008	Verklagsreglur um fulltrúa stúdenta í Gæðaráði, Jafnréttisráði og Umhverfissráði Háskólans á Akureyri	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 2		

3. gr.

Hlutverk og starfshættir fulltrúa

Fulltrúar stúdenta í ráðum háskólans eru helstu málsvarar stúdenta innan þeirra málaflokka sem hvert ráð stendur fyrir. Fulltrúar stúdenta í ráðum skulu halda á lofti sjónarmiðum og athugasemdum stúdenta hverju sinni, upplýsa stúdentaráð um störf og mál ráðanna ásamt því að stuðla að fræðslu og meðvitund stúdenta um málaflokka ráðanna.

Mikilvægt er að fulltrúar stúdenta séu búnir að kynna sér öll þau gögn sem við koma þeim málum sem eru til umræðu á fundum ráðanna og myndi sér skoðun á ágreiningsmálum með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi.

Framkvæmdastjórn getur aðstoðað fulltrúa stúdenta í ráðum háskólans við störf sín. Fulltrúar stúdenta í ráðunum geta óskað eftir aðkomu og aðstoð framkvæmdastjórnar SHA sem og Stúdentaráðs við vinnslu mála. Nýkjörinn aðalfulltrúi stúdenta í hverju ráði fyrir sig ber ábyrgð á því að mál séu tekin fyrir innan Stúdentaráðs sem og að mál sem koma upp innan Stúdentaráðs séu tekin fyrir innan ráðanna, sé þess þörf.

4. gr.

Vanhæfi og hagsmunaárekstrar

Við störf sín skulu fulltrúar stúdenta í ráðum háskólans gæta að hæfi við málsmeðferð. Stúdentafulltrúi ráðs telst vanhæfur hafi hann slík tengsl við mál eða aðila máls, sem er til meðferðar, að þau geti verið til þess fallin að hafa áhrif á meðferð og niðurstöðu þess.

Telji stúdentafulltrúi ráðs sig vanhæfan ber hann ábyrgð á að tilkynna það til aðila máls, formanns ráðsins og framkvæmdastjórnar SHA ásamt því að kalla til varafulltrúa.

VLR-008	Verklagsreglur um fulltrúa stúdenta í Gæðaráði, Jafnréttisráði og Umhverfísráði Háskólans á Akureyri	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 3		

5 gr.

Þóknun

Stúdentaráði er heimilt að ákvarða að fulltrúar stúdenta í ráðum háskólans fái þóknun fyrir fundarsetu fyrir hvern ráðsfund sem fulltrúinn sækir sé það svo að háskólinn greiði ekki fundarlaun stúdentafulltrúa. Upphæð þóknunar skal miða við fundarlaun stúdentaráðs Aðeins er greitt fyrir fundi hafi stúdentafulltrúi skilað skýrslu fundar inn á sameiginlegt TEAMS svæði fulltrúa stúdenta.

7. gr.

Árangursmat

Fyrir lok hvers starfsárs skulu fulltrúar stúdenta hvers ráðs taka saman greinargerð um störf sín á undangengnu starfsári, leggja mat á árangur og gera tillögur til umbóta. Slíku mati er ætlað að bæta vinnubrögð og tryggja skilvirkni fulltrúa stúdenta. Greinargerðin skal birt að hluta eða í heild í ársskýrslu Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.

8. gr.

Endurskoðun verklagsreglnanna

Verklagsreglur þessar eru settar af Stúdentaráði Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Öllum þeim sem sinna trúnaðarstöfum fyrir SHA ber skylda til að kynna sér verklagsreglur SHA í upphafi starfstímabils síns. Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs og eftir atvikum uppfærðar af stúdentaráði.